

# Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 13. DESEMBER 2022

• Stofnað 1913 • 292. tölublað • 110. árgangur •



SKRIFAR INN  
Í ELDFIMA  
UMRÆÐU

KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR 28



STÖÐUGRA FRAMBOÐ

UM 3.200 NÝJAR ÍBÚÐIR Á NÆSTA ÁRI 14



ROSKNIR  
HEIÐURSMENN  
MÆTAST

MODRIC GEGN MESSI 26



Morgunblaðið/Eggert



Morgunblaðið/SH

Sauðfé Riða er ólæknandi sjúkdómur og mikilvægt að ná tökum á henni.

190.000.000  
kr. í rannsókn á riðu

● Þátttakendur frá sex þjóðum

„Við vonumst til að vita eftir þrjú ár hvort hér er einn riðustofn eða hvort þeir eru fleiri. Einnig verður skoðaður skyldleiki við riðu í öðrum kindastofnum. Við tókum í fyrri sýni úr kindum af íslenskum uppruna í Grænlandi og erum búin að greina þau. Það fannst verndandi arfgerð í grænenska fénu en líklega þurfum við ekki að flytja inn sæði þaðan vegna þess að arfgerðin fannst hér,“ segir dr. Stefanía Þorgeirsdóttir, sérfræðingur við Tilraunastöð HÍ á Keldum.

Evrópskt samstarfsverkefni um rannsóknir á riðu í sauðfé fékk nýlega 190 milljóna króna Evrópu-styrk. Ísland tekur þátt í rannsókniinni ásamt vísindamönnum frá Þýskalandi, Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Spáni og Ítalíu. Stefanía leiðir íslenska hópinn.

Tvö verkefni varðandi rannsókn á erfðabreytileika í íslensku sauðkindinni með tilliti til riðu hófst hér í fyrri. Meðal annars fannst verndandi arfgerð fyrir riðu (ARR) í fyrsta sinn hér á landi þegar þessi eiginleiki fannst í hrútnum Gimsteini. Sama arfgerð hefur síðan fundist í fleiri íslenskum kindum, en öllum þó í sömu hjörðinni. » 10

## Hljýjar kveðjur og níu tonn af varningi til Úkraínu

„Það sem við erum að gera hér er raunverulegt framlag og skiptir raunverulega máli fyrir kaldar vikur fram undan,“ segir Þórdís Kol-

brún R. Gylfadóttir utanríkisráðherra um níu tonna sendingu af fötum sem fóru til Úkraínu frá Keflavíkurflugvelli í gær með kanadískri

herflutningavél. Stór hluti varningsins er afrakstur sjálfbodavinnu þúsunda Íslendinga að undanfögnu. » 6

## Þolinmæði og þrautseigja skiluðu kjarasamningi

● 6,75% launahækkun fyrir 60.000 manns ● Segir mikinn samhug vera í stjórn VR

Anton Guðjónsson  
Urður Egilsdóttir  
Atli Steinn Guðmundsson

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins, VR, samflots iðn- og tæknigreina og Landssambands verslunarmanna var undirritaður í Karphúsinu í hádeginu í gær. Samningarnir koma til með að ná til um 60.000 manns á vinnumarkaði. Almenn launahækkun verður 6,75% en að hámarki 66.000 krónur á mánuði.

Samninganefndir félagana funduðu til klukkan fimm í gærmorgun í Karphúsinu en VR, LÍV og Starfsgreinasamband Íslands vísuðu kjaraviðræðum við SA til ríkissáttasemjara 14. nóvember síðastliðinn. „Þarna skiluðu þolinmæði og þrautseigja samningi,“ sagði Aðalsteinn Leifsson ríkissáttasemjari við Morgunblaðið.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR og LÍV, neitaði að veita fjölmiðlum víðtal eftir undirritun kjarasamnings. Bjarni Þór Sigurðsson, stjórnarmaður í VR og fulltrúi í



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Samningur Verkalýðsleiðtogarnir Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR og Kristján Þórður Snæbjarnarson formaður Rafiðnaðarsambandsins.

Samninganefnd félagsins, sagði í samtali við Morgunblaðið að Ragnar hefði ætlað sér að hvíla sig og að hann myndi svara fjölmiðlum degi síðar, eða í dag, þriðjudag.

Bjarni Þór segir að fulltrúar VR hefðu auðvitað viljað fara lengra í

samningunum. Með því að vera betur stillt saman öll þá hefði það hugsanlega getað gerst, „þá á ég við hreyfinguna í heild sinni,“ segir Bjarni.

„Það er mikill samhugur í stjórn VR. Það voru allir óánægðir með þetta. Við aftur á móti töldum að

að svo komnu máli, virtist ekki vera meira í spilunum.“

Samningurinn var birtur á heimasíðu VR í gærkvöldi. Nýir launataxtar eru hluti af samningnum og taka gildi afturvirkir, eða frá 1. nóvember á þessu ári. Þar eru lægstu byrjunarlaun 406.923 krónur, hjá afgreiðslufólki. Neðst í samningnum er tekið fram að sérstök forsendunefnd verði skipuð fjórum fulltrúum úr sameiginlegum starfshópi samningsaðila sem fylgist með framvindu efnahagsmála. „Verði þróun efnahagsmála með þeim hætti að forsendunefnd meti að forsendur um þróun verðlags hafi brostið verður kallað til sérstaks fundar þar sem rædd verða viðbrögð aðila vinnumarkaðsins og stjórnvalda,“ segir í samningnum.

Ríkisstjórnin kynnti á blaðamannafundi í gær breytingar á barnabóta- og vaxtabótakerfum samhliða nýjum kjarasamningum. Áhersla verður lögð á að fjölga íbúðum og auka stuðning við barnafólk.

6,75% hækkun » 2 og 14

Stúfur kemur í kvöld

11 dagar til jóla

mjólk jolamjolk.is

# Alþjóðleg rannsókn á riðu í íslensku fé

● Verkefnið fékk nýlega 190 milljóna króna Evrópustyrk ● Vísindamenn frá sex löndum taka þátt  
● Hefst í byrjun næsta árs og stendur í þrjú ár ● Mikill efniviður í rannsóknina kemur frá Íslandi

## VIÐTAL

Guðni Einarsson  
gudni@mbl.is



Evrópskt samstarfsverkefni um rannsóknir á riðu í sauðfé fékk nýlega 190 milljóna króna Evrópustyrk. Ísland tekur þátt í rannsókninni ásamt vísindamönnum frá Þýskalandi, Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Spáni og Ítalíu.

Tvö verkefni varðandi rannsókn á erfðabreytileika í íslensku sauðkindinni með tilliti til riðu hófust hér í fyrra. Að þeim vinna dr. Stefánía Þorgeirsdóttir sérfræðingur og Vilhjálmur Svansson, dýralæknir við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Karólína Elísabetardóttir, verkfræðingur og sauðfjárbóndi í Hvammshlíð, og Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá RML. Þau fengu styrk til þessa hjá Prúnarsjóði sauðfjárræktarinnar. Meðal annars fannst verndandi arfgerð fyrir riðu (ARR) í fyrsta sinn hér á landi þegar þessi eiginleiki fannst í hrútnum Gimsteini. Sama arfgerð hefur síðan fundist í fleiri íslenskum kindum í sömu hjörð. Arfgerðin er alþjóðlega viðurkennd sem verndandi og hefur verið unnin með hana í löndum ESB við að útrýma riðu með góðum árangri.

„Karólína hafði samband við tvær vísindakonur úti í Þýskalandi. Þær hafa báðar rannsakað prionsjúkdóma eins og riða er. Þá kom upp sú hugmynd að sækja um Evrópustyrk og fá fleiri með til að skoða fleira erfðabreytileika og nota aðferðir sem við höfum ekki yfir að ráða hér,“ segir Stefánía. Dr. Christine Fast prófessor við FLI-stofnunina bar þungann af því að fá fleiri til liðs og setja saman umsókn um styrkinn sem nú er fenginn. Íslenski hópurinn kemur að fjölbjóðlegu rannsókninni undir forystu Stefáníu.

„Mikið af efniviðnum í rannsókninni kemur frá Íslandi en við leggjum til allt riðusmítefni okkar. Það kemur ekki mikið af þessum peningum til Íslands en ávinningur okkar verður að fá niðurstöðurnar,“ segir Stefánía. Verkefnið er til þriggja ára og hefst í byrjun næsta árs. Í því verður m.a. beitt svonefndri PMCA-aðferð sem lítið hefur verið notuð hér, en felst í umbreytingu og mögnun á prionpróteininu.



Ljósmynd/Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
Gimsteinn frá Þernunesi Fyrsti íslenski hrúturinn sem greindist með verndandi arfgerð gegn riðuveiki í sauðfé.

Gimsteinn frá Þernunesi Fyrsti íslenski hrúturinn sem greindist með verndandi arfgerð gegn riðuveiki í sauðfé.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Vísindamaður Dr. Stefánía Þorgeirsdóttir leiðir íslenska hópinn.

ar,“ segir Stefánía. Verkefnið er til þriggja ára og hefst í byrjun næsta árs. Í því verður m.a. beitt svonefndri PMCA-aðferð sem lítið hefur verið notuð hér, en felst í umbreytingu og mögnun á prionpróteininu.

Verkefnið er fjórskipt. Í fyrsta vinnupakkanum er erfðabreytileiki priongensins í sauðfé rannsakaður. Það skiptir máli varðandi riðunæmi. Sú rannsókn er langt

kominn hér á landi sem fyrr segir. Breytileikinn sem fundist hefur verður skoðaður betur. Nú verður það gert í tilraunaglösum með PMCA-aðferðinni í stað þess að gera smittilaunir í kindum. Sú vinna er hafin í Frakklandi og við hana er notaður heilavefur úr íslenskum kindum með mismunandi erfðabreytileika. Einnig er notað riðusmítefni sem safnað hefur verið á Keldum. ARR-erfðabreytileikinn er alþjóðlega viðurkenndur en verið er að athuga hvort fleiri breytileikar sem finnast í íslensku fé verndi einnig gegn riðu í sauðfé.

Í öðrum vinnupakka skoða færustu vísindamenn á þessu sviði þróun íslenskra riðustofna. Stefánía segir ekki vitað með vissu hvort hér sé einn riðustofn eða fleiri. Riðan er talin hafa borist hingað með innfluttum hrúti árið 1878. Íslenskt riðusmítefni frá mismunandi tímum verður rannsakað. Gerðar verða tilraunir á venjulegum tilraunamúsum og einnig svokölluðum

„transgenískum“ músum, sem eru með príongen úr kindum. Þær verða smitaðar með riðusmítefni og skoðað hvernig þær bregðast við. Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar á evrópskum riðustofnum en ekki á þeim íslenska.

Umhverfissmit riðu verður skoðað í þriðja vinnupakkanum í samvinnu við breskan rannsóknarhóp. Þar verður aftur beitt PMCA-aðferðinni til að greina prionpróteinið. „Við heimsóttum þrjú riðubæi í sumar og tókum aðallega stroksýni í fjárhúsum. Meðal annars komum við á bæ sem átti að fara að hreinsa og tókum stroksýni. Svo tókum við aftur sýni þegar búíð er að hreinsa. Smitmagnið getur verið svo lítið að við getum ekki greint það með okkar aðferðum. Við sendum sýnin út og þar er hægt að magna þau upp til að sjá hvort smit var í fjárhúsum fyrir og eftir hreinsun. Þannig munum við sjá hvernig þetta er við íslenskar aðstæður,“ segir Stefánía. Fjórði vinnupakkinn snýst um að

greina faraldsfræði sjúkdómsins á Íslandi, kostnaðinn sem af honum hlýst og gera áhættugreiningu. Meðal annars verða tekin viðtöl við bændur sem lentu í niðurskurði þegar riða kom upp í fjárstofni þeirra.

Riðan hefur aðallega fundist í sauðfé en einnig í geitum sem eru náskyldar kindunum, en ekki þó hér á landi. Það hefur m.a. verið vandamál á Kýpur og í Grikklandi þar sem er meira um geitur en sauðfé. Kúariðan sem kom upp í Stóra-Bretlandi 1986 er einnig prionsjúkdómur. Tíu árum seinna kom upp mannariða (variant Creutzfeldt-Jakob) og tengdist hún kúariðufaraldrinum. „Við höfum sem betur fer sloppið við það. Það var bæði bannað að flytja inn lifandi dýr og kjötmjöl frá Bretlandi á þessum tíma en veikin breiddist frá Bretlandi með menguðu kjötmjöli,“ segir Stefánía. Hún segir ekki vitað til þess að kindariða hafi valdið riðu í mönnum. Gerð var faraldsfræðileg rannsókn á því hvort einhver tengsl væru á milli riðu í sauðfé og mönnum í Ísrael en ekki var hægt að sýna fram á að svo væri.

Riða hefur greinst í hreindýrum í Noregi. Einnig hefur fundist riða í stöku elg í Svíþjóð og Finnlandi. Þess vegna hefur MAST látið taka sýni úr veiddum hreindýrum hér og látið rannsaka þau. Riða hefur ekki fundist í íslenskum hreindýrum.

„Við vonumst til að vita eftir þrjú ár hvort hér er einn riðustofn eða hvort þeir eru fleiri. Einnig verður skoðaður skyldleiki við riðu í öðrum kindastofnum. Við tókum í fyrra sýni úr kindum af íslenskum uppruna í Grænlandi og erum búin að greina þau. Það fannst verndandi arfgerð í grænlandsku fénu en líklega þurfum við ekki að flytja sæði þaðan vegna þess að arfgerðin fannst hér,“ segir Stefánía. Einnig á að rannsaka fleiri verndandi breytileika en ARR, eins og t.d. T137, AHQ og C151. Þá sést hvort það er þess virði að fjölga þessum breytileikum. Einnig á að rannsaka hvort hægt er að leysa riðuvandann á hagkvæmari hátt en nú er gert.



Góðar stundir...

1978  
TREFJAR

trefjar.is

Óseyrarbraut 29, Hafnarfirði

Komdu í heimsókn!

## Hildur hlaut tilnefningu til Golden Globe



Hildur Guðnadóttir

Kvikmyndatónskáldið Hildur Guðnadóttir er tilnefnd til Golden Globe-verðlauna fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Women Talking. Hildur, sem hlaut verðlaunin árið 2020 fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Jóker, er tilnefnd fyrir bestu upprunalegu kvikmynda-tónlistina. Hún hlaut ekki tilnefningu fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Tári, en sú kvikmynd hlaut þrjár tilnefningar til verðlaunanna að þessu sinni. Golden Globe-verðlaunin verða afhent hinn 10. janúar 2023 í Los Angeles.

Á að byrja nýtt ár af krafti?

Þá er rétti tíminn fyrir þitt

fyrirtæki að byrja með

HR Monitor rauntíma

starfsánægjumælingar

HR MONITOR